

Bláskógaskóli á Laugarvatni óskar eftir að ráða í eftirfarandi stöður fyrir næsta skólaár 2018-2019

- Leikskólakennari á leikskóladeild Bláskógaskóla Laugarvatni 100% staða
- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Sérkennari

Hæfniskröfur:

- Leyfisbréf á viðkomandi skólastigi og /eða viðurkennda háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Áhugi á útinámi og fjölbreyttum kennsluháttum
- Reynsla af teymisvinnu væri kostur
- Færni í mannlegum samskiptum er mikilvæg
- ART þjálfari er kostur
- Jákvæðni og áhugi fyrir margbreytilegu starfi
- Lausnamiðun í starfi er mikilvægur eiginleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samrekinn leik- og grunnskóli í Bláskógabyggð sem leggur meðal annars mikla áherslu á samfellu á milli skólastiganna, fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Útinám er stór þáttur í stefnu skólans og mikilvægt er að kennarar og starfsmenn skólans upplifi tækifæri til fjölbreyttra kennsluhátta úti við.

Í skólanum er lagt áherslu á góða samvinnu allra þeirra sem starfa í skólanum. Við leggjum áherslu á að þeir sem tilheyra starfsmannahópnum upplifi hann sem eina heild. Námsumhverfi nemenda endurspeglar meðal annars í ánægðu og samstilltu starfsfólki.

Störfin henta jafnt körlum sem konum.

Umsóknarfrestur er til og með 25. júní nk. Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma: 480-3030 eða í gegnum tölvupóst elfa@blaskogaskoli.is